



FERÐAMENNSKA Á VIRKJANASVÆÐUM UPPLIFUN VIÐ KÁRAHNJÚKA SUMARIÐ 2025

EYRÚN JENNÝ BJARNADÓTTIR
2025

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2025

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri
Rafpóstur: rmf@rmf.is
Veffang: www.rmf.is

Titill: Ferðamennska á virkjanasvæðum: Upplifun við Kárahnjúka sumarið 2025
Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF-S-05-2025
ISBN: 978-9935-505-31-6
ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd: Ferðamaður við Háslón © Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Öll réttindi áskilin. Samantekt þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

EFNISYFIRLIT

Myndaskrá	3
Töfluskra	4
Útdráttur	6
Inngangur	7
Aðferð og framkvæmd	8
Rannsóknarsvæðið	8
Framkvæmd könnunar	10
Úrvinnsla og greining	11
Upplýsingar um svarendur	13
Ferðafélagar	14
Tengsl heimsóknar við náttúru og óbyggð viðerni	14
Dvalarlengd	15
Athafnir ferðafólks á svæðinu	15
Viðkomustaðir ferðafólks	16
Ánægja með dvöl og náttúru	17
Mat á einkennum svæðisins	17
Áhrif virkjunar á áhuga til að ferðast	18
Tekið eftir mannvirkjum á svæðinu	18
Áhrif mannvirkja á upplifun ferðafólks	19
Mat á áhrifum mannvirkja sem ekki sjást á náttúruupplifun	20
Áhugi á gestastofum aflstöðva	20
Þörf fyrir innviði fyrir ferðamenn	20
Fræðsla um svæðið	22
Viðhorf til notkunar og framleiðslu orkugjafa á Íslandi	23
Meðmælaskor	24
Mat á mikilvægi náttúru og aðstöðu í ferðum	25
Viðhorfskvarðinn	26

Viðhorf og upplifun ferðamanna til mannvirkja og orkuvinnslu	27
Hápunktur heimsóknar	28
Viðhorf til skotveiða í Vatnajökulsþjóðgarði	29
Samanburður: Ferðamenn við Kárahnjúka, Blöndu, Þeistareyki og Þjórsá	30
Samanburður: Viðhorf og upplifun ferðamanna við Kárahnjúka, Blöndu, Þeistareyki og Þjórsá	31
Samantekt og lokaorð	33
Heimildaskrá	34
Viðauki 1: Bakgrunnsgreining og tíðnitöflur	35



Myndaskrá

Mynd 1 Kárahnjúkastífla og Háslón á yfirfalli	6
Mynd 2 Rannsóknarsvæðið afmarkað með svörtum ramma	8
Mynd 3 Horft inn í vélasal Fljótsdalsstöðvar í Valbjófsstaðafjalli	8
Mynd 4 Skúlpúturinn Eilífðardraumurinn við útfallið	9
Mynd 5 Kárahnjúkastífla og Háslón	9
Mynd 6 Fossinn Hverfandi sem myndast þegar Háslón fer á yfirfall	10
Mynd 7 Eitt af mörgum upplýsingaskiltum Landsvirkjunar á svæðinu	10
Mynd 8 Landverðir Vatnajökulspjóðgarðs á tali við ferðamenn	11
Mynd 9 Ferðamenn við Kárahnjúkastíflu með úðann frá Hverfanda í baksýn	12
Mynd 10 Bakgrunnur svarenda könnunarinnar	13
Mynd 11 Búseta svarenda á Íslandi eftir landshlutum	13
Mynd 12 Búsetuland erlendra svarenda	13
Mynd 13 Ferðafélagar	14
Mynd 14 Ferð tengd upplifun á náttúru og óbyggðum víðernum	14
Mynd 15 Dvalarlengd	15
Mynd 16 Athafnir ferðafólks á svæðinu	15
Mynd 17 Viðkomustaðir ferðafólks á svæðinu	16
Mynd 18 Ánægja með dvöl og náttúru á svæðinu	17
Mynd 19 Mat á einkennum svæðisins	17
Mynd 20 Áhrif virkjunar á áhuga svarenda á að ferðast um svæðið	18
Mynd 21 Tekið eftir mannvirkjum á svæðinu	18
Mynd 22 Áhrif mannvirkja á upplifun ferðamanna	19
Mynd 23 Mat svarenda á áhrifum mannvirkja sem ekki sjást á náttúruupplifun	20
Mynd 24 Áhugi ferðamanna á heimsókn í gestastofu aflstöðva	20
Mynd 25 Mat á þörf fyrir innviði fyrir ferðamenn á svæðinu	21
Mynd 26 Hugmyndir ferðamanna um innviði sem vantar	21
Mynd 27 Hlutfall ferðamanna sem fengu fræðslu	22
Mynd 28 Fræðslumáti	22
Mynd 29 Ánægja með fræðslu á svæðinu	22
Mynd 30 Viðhorf til notkunar og framleiðslu mismunandi orkugjafa	23

Mynd 31 Meðmælaskor ferðamanna við Kárahnjúkastíflu sumarið 2025	24
Mynd 32 Mikilvægi ýmissa þátta fyrir ferðamenn	25
Mynd 33 Flokkun ferðamanna eftir viðhorfskvarðanum	26
Mynd 34 Hápunktur ferðarinnar - orðaský af svörum við opinni spurningu	28
Mynd 35 Hlutfall ferðamanna sem urðu varir við skotveiði eða fellda bráð í Vatnajökulspjóðgarði	29
Mynd 36 Viðhorf ferðamanna sem urðu varir við skotveiðar eða fellda bráð í Vatnajökulspjóðgarði	29
Mynd 37 Viðhorf ferðamanna til skotveiða innan og utan Vatnajökulspjóðgarðs	29



Töfluskrá

Tafla 1 Upplifun og viðhorf ferðamanna eftir meðmælaskori.....	24
Tafla 2 Upplifun og viðhorf ferðamanna eftir viðhorfskvarðanum	27
Tafla 3 Ferðamenn við Kárahnjúka, Blöndu, Þeistareyki og Þjórsá	30
Tafla 4 Viðhorf og upplifun ferðamanna við Kárahnjúka, Blöndu, Þeistareyki og Þjórsá. Niðurstöður marktektarprófa.....	32
Tafla 5 Hefur þú komið áður á þetta svæði?	35
Tafla 6 Hver var ánægja þín með dvöl á svæðinu?	35
Tafla 7 Hver er ánægja þín með náttúru svæðisins	36
Tafla 8 Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið: Manngert-náttúrulegt	36
Tafla 9 Hversu lýsandi...: Kyrrt-hávært	37
Tafla 10 Hversu lýsandi...: Aðgengilegt-óaðgengilegt.....	37
Tafla 11 Hversu lýsandi...: Fallegt-ljótt	38
Tafla 12 Hversu lýsandi...: Áhrifamikið-áhrifalítið	38
Tafla 13 Komstu á þetta svæði til þess að upplifa náttúru og óbyggð víðerni	39
Tafla 14 Hvað gerðir þú/ætlað að gera á meðan dvöl þinni á svæðinu stendur?	39
Tafla 15 Hvað dvaldir þú eða áætlað að dvelja lengi á svæðinu?	40
Tafla 16 Hefur virkjun á svæðinu áhrif á áhuga þinn á að ferðast hér um?	40
Tafla 17 Tókst þú eftir mannvirkjum á leið þinni um svæðið?	41
Tafla 18 Hvaða áhrif höfðu eftirfarandi mannvirki á upplifun þína? Uppistöðulón	41
Tafla 19 Hvaða áhrif...: Stífla	42
Tafla 20 Hvaða áhrif...: Veituskurðir	42
Tafla 21 Hvaða áhrif...: Rafllínur	43
Tafla 22 Hvaða áhrif...: Malarvegir	43
Tafla 23 Hvaða áhrif...: Malbikaðir vegir	44
Tafla 24 Hvaða áhrif...: Vatnsaflsvirkjun	44
Tafla 25 Hvaða áhrif...: Vindorkuver	45
Tafla 26 Hvaða áhrif...: Stöðvarhús.....	45
Tafla 27 Hvaða áhrif...: Kæliturnar	46
Tafla 28 Hvaða áhrif...: Ummerki um framkvæmdir	46
Tafla 29 Hvaða áhrif...: Borholur í blæstri (gufa + hljóð)	47

Tafla 30 Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið? Merkar gönguleiðir	47
Tafla 31 Hversu mikilvæg...: Lagðir göngustígar	48
Tafla 32 Hversu mikilvæg...: Göngubrýr.....	48
Tafla 33 Hversu mikilvæg...: Að hægt sé að njóta kyrrðar	49
Tafla 34 Hversu mikilvæg...: Að hægt sé að upplifa óraskaða náttúru	49
Tafla 35 Hversu mikilvæg...: Áningarstaðir (bekkir og borð).....	50
Tafla 36 Hversu mikilvæg...: Að það séu fáir aðrir ferðamenn	50
Tafla 37 Hversu mikilvæg...: Að ekki sjást ummerki um utanvegaakstur.....	51
Tafla 38 Hversu mikilvæg...: Að ekki sjáist ummerki um aðra ferðamenn.....	51
Tafla 39 Hversu mikilvæg...: Að skoðunarverðir staðir séu merktir	52
Tafla 40 Hversu mikilvæg...: Að hafa aðgang að skipulögðu tjaldsvæði	52
Tafla 41 Hversu mikilvæg...: Að mega tjalda hvar sem er innan svæðisins	53
Tafla 42 Hversu mikilvæg...: Að geta tjaldað þar sem þú verður ekki var við aðra	53
Tafla 43 Hversu mikilvæg...: Að verða ekki fyrir ónæði af flugumferð/drónum	54
Tafla 44 Hversu mikilvæg...: Að geta gengið án þess að sjá mannvirki (önnur en fjallaskála)	54
Tafla 45 Flokkun ferðamanna á viðhorfskvarðanum	55
Tafla 46 Hefur þú fengið einhvers konar fræðslu í tengslum við heimsókn þína við Kárahnjúkavirkjun?	55
Tafla 47 Hvers konar fræðslu hefur þú fengið?	56
Tafla 48 Hversu ánægð/ur/t eða óánægð/ur/t varstu með fræðsluna sem þú fékkst?56	
Tafla 49 Á kvarða frá 0-10, hversu líklegt er að þú mælir með svæðinu sem áfangastað fyrir vini, fjölskyldu eða samstarfsfólk?	57
Tafla 50 Telur þú að það vanti einhverja innviði fyrir ferðamenn á svæðinu?	57
Tafla 51 Hafa nálæg mannvirki sem þú veist af en sérð ekki áhrif á upplifun þína af náttúru og óbyggðum víðernum?	58
Tafla 52 Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að heimsækja gestastofur aflstöðva?	58
Tafla 53 Hvert er viðhorf þitt til þess að eftirtaldir orkugjafir séu notaðir og/eða framleiddir á Íslandi? Vatnsafl	59



Tafla 54 Hvert er viðhorf þitt...: Vindorka	59
Tafla 55 Hvert er viðhorf þitt...: Sólarorka.....	60
Tafla 56 Hvert er viðhorf þitt...: Kjarnorka	60
Tafla 57 Hvert er viðhorf þitt...: Jarðvarmaorka	61
Tafla 58 Hvert er viðhorf þitt...: Jarðeldsneyti.....	61
Tafla 59 Hefur þú heimsótt einhverja af eftirtöldum stöðum í þessari ferð?.....	62
Tafla 60 Hefur þú einhvern tímann orðið var við skotveiðimennsku eða fellda bráð á ferðum þínum í Vatnajökulspjóðgarði?.....	62
Tafla 61 Hversu jákvætt eða neikvætt fannst þér að verða var við skotveiðimennsku eða fellda bráð í Vatnajökulspjóðgarði?.....	63
Tafla 62 Hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til skotveiða innan Vatnajökulspjóðgarðs?	63
Tafla 63 Hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til skotveiða utan Vatnajökulspjóðgarðs?	64
Tafla 64 Búseta	64
Tafla 65 Búseta á Íslandi - landshlutar.....	65
Tafla 66 Búsetuland erlendis	65
Tafla 67 Hvernig komst þú til landsins?	66
Tafla 68 Kyn	66
Tafla 69 Aldur	67
Tafla 70 Með hverjum ferðast þú?	67



Útdráttur

Sumarið 2025 gerði Rannsóknamiðstöð ferðamála könnun meðal ferðamanna við Kárahnjúkastíflu. Könnunin var unnin fyrir Landsvirkjun og er hluti af röð rannsókna á upplifun og viðhorfum ferðamanna á virkjanasvæðum.

Könnunin varpar ljósi á hvernig ferðafólk upplifir landslag þar sem náttúra, víðerni og mannvirki mætast. Meirihluti svarenda kom til að upplifa náttúru og óbyggð víðerni og flestum þótti svæðið áhrifamikill, fallegt og aðgengilegt. Mannvirki á svæðinu höfðu almennt ekki neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna. Kárahnjúkastífla, Háslón og virkjunin sjálf voru í augum margra forvitnileg mannvirki og hluti af jákvæðri upplifun – oft hápunktur heimsóknarinnar.

Erlendir ferðamenn upplifðu svæðið sem náttúrulegt en innlendir ferðamenn sáu það fremur sem manngert. Fæstir töldu þörf á frekari innviðum á svæðinu en þær ábendingar sem komu fram lutu helst að aðgengi að salernum og hugsanlegri gestastofu með upplýsingum og fræðslu.

Niðurstöðurnar sýna að stórvirk vatnsaflsvirkjun getur verið hluti af ferðaupplifuninni sjálfri. Við Kárahnjúkastíflu upplifa ferðamenn bæði náttúru hálendisins og manngerða innviði. Þar blandast áhugi á umfangsmiklum mannvirkjum við ánægju með náttúruna og víðernin. Þetta aðgreinir Kárahnjúkastíflu frá öðrum virkjanasvæðum þar sem áhugi ferðamanna beinist ekki aðeins að náttúrunni heldur einnig að mannvirkjunum sjálfum. Rannsóknin sýnir að orkuinnviðir og náttúra geta átt samleið í upplifun ferðamanna ef fræðsla og framsetning styðja við samhengi og skilning.



Mynd 1 Kárahnjúkastífla og Háslón á yfirfalli Mynd: EJB



Inngangur

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður spurningakönnunar sem lögð var fyrir ferðamenn við Kárahnjúkastíflu sumarið 2025. Könnunin var framkvæmd af Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) fyrir Landsvirkjun og er hluti af viðtækara verkefni um að kanna upplifun og viðhorf ferðamanna á starfssvæðum fyrirtækisins. Könnunin er hluti af röð sambærilegra rannsókna sem hafa farið fram m.a. við Blöndu og Þjórsá og byggir á sömum meginforsendum, spurningalista og aðferðafræði með staðbundinni aðlögun (Íris Hrund Halldórsdóttir o.fl., 2024a; 2024b). Gagnaöflun fór fram sumarið 2025 við Kárahnjúkastíflu á starfssvæði Fljótisdalsstöðvar á Austurlandi.

Með könnuninni er leitast við að draga fram hvernig ferðamenn upplifa svæðið í nágrenni við Kárahnjúkastíflu og hvaða áhrif virkjun og tengd mannvirki kunna að hafa á ferðaupplifun þeirra. Áhersla er á að kanna viðhorf ferðafólks til náttúru og óbyggðra víðerna og hvort þau séu hluti af aðdráttarafli svæðisins. Jafnframt eru viðhorf ferðamanna til orkuvinnslu og tengdra mannvirkja könnuð.

Rannsóknir hafa sýnt að ferðamennska á virkjanasvæðum á Íslandi mótast af flóknu samspili náttúru og innviða. Rannsóknir á Hengilssvæðinu, við Kröflu, við Blöndu, á Þeistareykjum og í Búrfellslundi hafa m.a. sýnt að ósnortin náttúra, víðerni og fegurð eru lykilþættir í aðdráttarafli svæðanna en að virkjana- og flutningsmannvirki hafi yfirleitt minni áhrif á heildarupplifun ferðamanna en ætla mætti (Edward H. Huijbens o.fl., 2018; Auður H. Ingólfssdóttir o.fl., 2018; Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2015; 2017; Íris Hrund Halldórsdóttir o.fl., 2023). Slík mannvirki geta þó bæði dregið úr upplifun (einkum þegar raflínur og áberandi mannvirki skera sig úr í landslagi) og orðið hluti af jákvæðri upplifun þegar þau falla vel að umhverfi og eru sett fram í samhengi við sjálfbæra nýtingu auðlinda. Þessar rannsóknir hafa varpað ljósi á upplifun ferðamanna af víðernum og orkuinnviðum þar sem lögð er áhersla á samspil ásýndar, aðgengis, væntinga og fræðslu (Sæþórsdóttir og Saarinen, 2016; Ingólfssdóttir og Gunnarsdóttir, 2020). Ferðamennska á hálendissvæðum byggir oft á hugmyndum um ósnortna náttúru, víðerni og kyrrð en jafnframt á þeim innviðum sem gera slíka upplifun mögulega. Orkuvinnsla og mannvirki tengd henni gegna þannig tvíþættu hlutverki:

annars vegar sem tákn um nýtingu náttúrunnar og hins vegar sem hluti af náttúruupplifun ferðamanna á hálendinu. Rannsóknir benda til þess að viðhorf ferðamanna til orkumannvirkja ráðist bæði af sýnileika, samþættingu við landslag og menningarlegri túlkun á náttúru og sjálfbærni (Sæþórsdóttir og Saarinen, 2016; Ingólfssdóttir og Gunnarsdóttir, 2020; Prince o.fl., 2023). Nýlegar rannsóknir sýna jafnframt að orkuinnviðir hafa ekki endilega neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna heldur geti þeir orðið hluti af jákvæðri upplifun ferðamanna ef þeir eru vel samræmdir landslagi og kynntir sem hluti af sjálfbærri orkunýtingu (Tverijonaite o.fl., 2022; Prince o.fl., 2024). Þetta á einkum við þegar fræðsla og aðgengi eru hluti af upplifun ferðamanna.

Skýrslan hefst á inngangi og lýsingu á rannsóknasvæðinu, sem afmarkast við starfssvæði Fljótisdalsstöðvar, auk aðferðafræði og framkvæmdar gagnaöflunar. Að því loknu tekur við meginhluti skýrslunnar þar sem niðurstöður eru kynntar í röð efnisflokka sem fjalla um bakgrunn svarenda, ferðamynstur, upplifun, viðhorf og áhuga ferðamanna á náttúru, víðernum, orkuvinnslu og innviðum. Í lokin eru niðurstöður könnunarinnar við Kárahnjúka bornar saman við kannanir sem gerðar voru við Blöndu og Þjórsá árið 2024 og við Þeistareyki árið 2023 til að greina sameiginleg mynstur og svæðisbundinn mun.

RMF sá um skipulag og hönnun rannsókna, undirbúning, yfirumsjón gagnaöflunar, úrvinnslu gagna og skýrsluskrif. Verkefnastjórn var í höndum Guðrúnar Þóru Gunnarsdóttur forstöðumanns RMF en framkvæmd rannsókna var í höndum Eyrúnar Jennýjar Bjarnadóttur. Landverðir frá Vatnajökulsþjóðgarði höfðu umsjón með gagnaöflun.

Skýrsluhöfundur þakkar Bjarka Þór Grönfeldt, Árna Jóhanni Óðinssyni og Guðmundi Ögmundssyni hjá Landsvirkjun sem og Rögnu Fanneyju Jóhannsdóttur aðstoðarþjóðgarðverði fyrir gott samstarf og veittar upplýsingar. Sérstakar þakkar eru jafnframt færðar landvörðum á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir jákvæðni, einstakan dugnað og elju við gagnaöflun.



Aðferð og framkvæmd

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á upplifun, viðhorf og hegðun ferðamanna við Kárahnjúkastíflu á starfssvæði Fljótisdalsstöðvar með sérstakri áherslu á tengsl ferðamennsku, náttúru og orkumannvirkja. Í þessum kafla er rannsóknarsvæðinu lýst ásamt framkvæmd könnunar, aðferðafræðilegri nálgun, úrvinnslu og greiningu gagna.

RANNSÓKNARSVÆÐIÐ¹

Rannsóknin beindist að ferðamönnum á starfssvæði Fljótisdalsstöðvar en líta má á að það markist af mannvirkjum stöðvarinnar og næsta umhverfi þeirra, þar á meðal aðkomuleiðum (mynd 1). Svæðið hefur ekki skýr landfræðileg mörk en til viðmiðunar má segja að það afmarkist af jökulánni Kreppu í vestri, jaðri Vatnajökuls í suðri,



Mynd 2 Rannsóknarsvæðið afmarkað með svörtum ramma. Ferðamenn voru beðnir um að miða svör sín við svæðið innan rammans. Kort: Landsvirkjun

¹ Lýsing á rannsóknarsvæðinu byggir á texta sem Guðmundur Ögmundsson tók saman auk upplýsinga um Fljótisdalsstöð af vef Landsvirkjunar (Landsvirkjun, á.á.). Höfundur þakkar Guðmundi fyrir textann og gagnlegar ábendingar við vinnslu þessa kafla.

Bessastaðabrekkum í Fljótisdal í austri og línu þaðan vestur í Kreppu í norðri. Flatarmál þessa svæðis er um 2.500 km².

Fljótisdalsstöð var gangsett árið 2007 og er stærsta aflstöð Landsvirkjunar með 690 MW uppsett afl og framleiðslugetu upp á rúmlega 5.000 GWh á ári. Stöðvarhúsið er neðanjarðar inni í Valbjófsstaðarfjalli og aðkoma að því er um tæplega 1.000 metra löng göng (mynd 2). Vatnið rennur um nær 40 km aðrennslisgöng frá Háslóni með rúmlega 600 metra fallhæð og knýr sex hverfla í stöðinni. Þaðan fellur vatnið um frárennslisgöng út í farveg Jökulsár í Fljótisdal í um 26 metra hæð yfir sjávarmáli.



Mynd 3 Horft inn í vélasal Fljótisdalsstöðvar í Valbjófsstaðarfjalli. Mynd: EJB





Mynd 4 Skúlptúrin Eilífðardraumurinn við útfallið. Í baksýn eru háspennulínur sem liggja til Reyðarfjarðar. Mynd: EJB

Við útfallið er skúlptúrin *Eilífðardraumurinn* eftir Ólaf Þórðarson sem flýtur líkt og fley á ferð á móti straumnum (mynd 3). Við skúlptúrin er áningarstaður með upplýsingaskilti og bílastæði. Rétt sunnan við þjónustuhúsið er tengivirki Landsnets þaðan sem háspennulínur liggja til Reyðarfjarðar. Innar í dalnum er Óbyggðasetur Íslands þar sem rekin er ferðaþjónusta og bílvegurinn inn dalinn endar.

Vatnasvið Fljótsdalsstöðvar er víðfeðmt eða um 2.200 km². Lón stöðvarinnar eru mynduð með fimm stíflugörðum sem samanlagt eru yfir fimm kílómetrar að lengd. Hálslón er stærsta lónið (um 63 km²). Það fyllist síðsumars og þegar það flæðir yfir myndast fossinn Hverfandi við Kárahnjúkastíflu sem er um 100 metra hár (mynd 5). Kárahnjúkastífla er efst í Hafrahvammagljúfrum (Dimmugljúfrum) og er hæsta



Mynd 5 Kárahnjúkastífla og Hálslón. Mynd: EJB

grjótstífla í Evrópu og ein sú stærsta í heiminum af sinni gerð (mynd 4). Hún stíflar Jökulsá á Brú við Fremri-Kárahnjúk og myndar Hálslón ásamt Desjarástíflu og Sauðárdalsstíflu. Austan Snæfells eru jafnframt Ufsarlón og Kelduárlón sem nýtast einnig í vatnsveitukerfi stöðvarinnar.

Utar í Fljótsdal eru Skriðuklaustur og gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs, Snæfellsstofa. Enn utar er bílastæði og þjónustuhús fyrir Hengifoss, einn vinsælasta áfangastað ferðamanna á svæðinu. Á milli Hengifoss og Skriðuklausturs eru Bessastaðabrekkur en um þær liggur uppbyggður vegur með bundnu slitlagi að Kárahnjúkastíflu og Hálslóni. Vegurinn var byggður vegna framkvæmda við Fljótsdalsstöð en er nú opin almennri umferð.



Leiða má líkur að því að flestir ferðamenn sem halda upp á hálendið fari úr Fljótsdal um Bessastaðabrekkur. Þegar upp er komið tekur við gróið heiðaland og má víða sjá merkingar frá Landsvirkjun og Vatnajökulsþjóðgarði við veginn (mynd 6). Svæðið umhverfis Snæfell tilheyrir þjóðgarðinum. Frá veginum liggja afleggjarar að ferðapjónustunni í Laugarfelli, Snæfellskála og Brúarjökli sem og að veitumannvirkjum austan Snæfells og niður í Hrafnkelsdal. Ef haldið er áfram eftir aðalveginum er komið að Kárahnjúkastíflu og Hálslóni. Þaðan liggur leiðin áfram norður að Laugarvalladal, Sænauseli og Stuðlagili. Einnig má fara jeppaslóða í átt að Möðrudal, fram hjá Sauðárstíflu og Grágæsadali. Landið vestan og norðan Hálslóns og Kárahnjúkastíflu einkennist af eldvirkni og jöklaáhrifum og er víða lítt gróið.



Mynd 6 Fossinn Hverfandi sem myndast þegar Hálslón fer á yfirfall. Mynd: EJB

FRAMKVÆMD KÖNNUNAR

Spurningalistinn sem notaður var í rannsókninni byggir á fyrri rannsóknum RMF á öðrum virkjanasvæðum. Auk þess voru í listanum spurningar um skotveiðar í Vatnajökulsþjóðgarði og spurningar um aðra áfangastaði ferðamanna á svæðinu. Spurningalistinn var á fimm tungumálum: íslensku, ensku, þýsku, frönsku og spænsku. Leitast var við að fá fram:

- Lýðfræðilegar upplýsingar
- Upplýsingar um athafnir, ferðatilhögun og dvalarlengd
- Upplifun af svæðinu og áhrif virkjunar á ferðalög
- Viðhorf til náttúru, víðerna og innviða á svæðinu
- Almenn viðhorf til orkugjafa og orkumannvirkja
- Upplifun af og viðhorf til skotveiða innan og utan Vatnajökulsþjóðgarðs



Mynd 7 Eitt af mörgum upplýsinga- og fræðsluskiltum Landsvirkjunar á svæðinu. Mynd: EJB



Könnunin var á stafrænu formi og lögð fyrir ferðamenn utandyra á bílastæðinu við Kárahnjúkastíflu á tímabilinu júní til ágúst 2025. Gagnasöfnun var í höndum landvarða Vatnajökulsþjóðgarðs sem báðu ferðamenn um að svara könnuninni á spjaldtölvum á staðnum (mynd 7). Þátttaka var bæði valkvæð og nafnlaus og eru svör ekki rekjanleg til einstakra þátttakenda. Gagnasöfnunin fór fram samhliða fræðslustarfi landvarða við virkjunina, sem var í samstarfi við Landsvirkjun, en landverðir voru yfirleitt á staðnum á fimmtudögum og laugardögum á tímabilinu. Að auki voru skipulagðir sérstakir gagnasöfnunardagar á öðrum dögum, að jafnaði um tvö skipti í viku. Landverðir fylltu út stuttar skilaskýrslur eftir hvern gagnasöfnunardag þar sem þeir gátu lagt mat á aðstæður og þátttöku ferðamanna. Þar lýstu þeir almennt góðu viðmóti ferðamanna og töldu að margir hefðu sýnt áhuga á efni könnunarinnar og starfsemi á svæðinu. Aðstæður á vettvangi, svo sem vindur, kuldi eða þoka, höfðu þó stundum áhrif á þátttöku ferðamanna á meðan góðviðrisdögum fylgdi jafnan meiri umferð og auðveldara að fá ferðamenn til þátttöku. Gagnasöfnun gekk þó almennt vel og fengust svör frá um 450 ferðamönnum á tímabilinu. Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um heildarfjölda ferðamanna sem fóru um svæðið á þessu tímabili og því var ekki unnt að reikna svarhlutfall.

ÚRVINNSLA OG GREINING

Við úrvinnslu gagna var notast við SPSS og Excel. Greiningin byggði að mestu leyti á lýsandi tölfræði þar sem borin voru saman hlutföll og meðaltöl fyrir einstakar spurningar. Niðurstöður voru brotnar niður eftir fjórum bakgrunnsþáttum: kyni, aldri, hvort svarendur voru innlendir eða erlendir ferðamenn og hvort svarendur höfðu komið áður á svæðið. Marktektarpróf voru gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á svörum milli hópa. Í öllum tilfellum var miðað við 99% og 99,9% öryggismörk ($p < 0,01$ og $p < 0,001$). Til að bera saman meðaltöl milli tveggja hópa voru gerð t-próf, t.d. þegar skoðaður var munur á viðhorfum eftir kyni eða milli innlendra og erlendra ferðamanna. Til að meta mun á meðaltölum milli fleiri en tveggja hópa (t.d. aldurshópa) var notast við einhliða fervikagreiningu (ANOVA). Þegar marktækur munur kom í ljós var notað Bonferroni eftirápróf (e. *post-hoc test*) til að



Mynd 8 Landverðir Vatnajökulsþjóðgarðs á tali við ferðamenn á bílastæði við Kárahnjúkastíflu þar sem gagnaöflun fór fram. Mynd: EJB

ákvarða milli hvaða hópa munurinn lá. Kí-kvaðratpróf (e. *chi-square*) voru notuð til að kanna hvort marktækur munur væri á hlutföllum milli hópa og að auki var Cramer's V reiknað til að meta styrkleika á tengslum milli flokkabreyta. Í skýrslunni eru niðurstöður settar fram í töflum og myndum eftir eðli spurninga. Í viðauka 1 eru niðurstöður úr hverri spurningu settar fram annars vegar í tíðnitöflum og hins vegar töflum sem sýna hlutföll og fjölda svara skipt eftir sömu bakgrunnsþáttunum og nefndir voru hér að ofan. Í þessum töflum eru birt svör þeirra sem tóku afstöðu til viðkomandi spurningar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu.

Auk almennrar úrvinnslu voru gerðar nokkrar viðbótargreiningar til að dýpka skilning á viðhorfum og upplifum ferðamanna við Kárahnjúka. Í fyrsta lagi var stuðst við



svokallaðan viðhorfskvarða (e. *purism scale*), sem byggir á rannsóknum Stankey (1973) og Önnu Dóru Sæþórsdóttur (2010) til að greina afstöðu ferðamanna til ósnortinnar náttúru og mannvirkja. Kvarðinn flokkar ferðamenn eftir viðhorfum þeirra til náttúru og innviða og hefur verið notaður í sambærilegum rannsóknum á öðrum virkjanasvæðum. Í þessari rannsókn voru notuð 15 atriði með hámarksstigafjölda 75. Ferðamenn voru flokkaðir í fjóra hópa eftir stigafjölda: eindregna náttúrusinna (64–75 stig), náttúrusinna (53–63 stig), almenna ferðamenn (43–52 stig) og þjónustusinna (15–42 stig). Í stuttu máli leggja náttúrusinnar áherslu á ósnortna náttúru og kyrrð án mannvirkja, þjónustusinnar eru jákvæðir gagnvart innviðum sem bæta aðgengi og þægindi á meðan almennir ferðamenn eru mitt á milli og hallast ýmist að viðhorfum hinna tveggja (Íris Hrund Halldórsdóttir o.fl., 2024a; 2024b). Í þessari rannsókn reyndust eindregnir náttúrusinnar mjög fáir og voru þeir því sameinaðir náttúrusinum í einn flokk. Í greiningunni voru aðeins svör þeirra sem svöruðu öllum 15 atriðunum tekin til greina.

Í öðru lagi var reiknað svokallað meðmælaskor (e. *Net Promoter Score*, NPS) til að leggja mat á vilja ferðamanna til að mæla með heimsókn á svæðið. Þátttakendur gáfu einkunn á skala frá 0 til 10 um hversu líklegt væri að þeir myndu mæla með heimsókn á svæðið við vini, fjölskyldu eða vinnufélaga þar sem 0 stendur fyrir „alls ekki líklegt“ og 10 fyrir „mjög líklegt“. Þeir sem gáfu einkunnina 9 eða 10 teljast hvetjendur (e. *promoters*), þeir sem gáfu 7 eða 8 eru hlutlausir (e. *passives*), og þeir sem gáfu 0 til 6 eru letjendur (e. *detractors*). Meðmælaskorið er reiknað með því að draga hlutfall letjenda frá hlutfalli hvetjenda og getur þannig verið á bilinu -100 til +100. Meðmælaskorið var nýtt til að kanna hvort upplifun og viðhorf ferðamanna gagnvart svæðinu væru breytileg eftir því hvort þeir teljast hvetjendur, hlutlausir eða letjendur. Til þess var framkvæmd ferveikagreining (ANOVA) á breytum sem tengjast ánægju með dvöl og náttúru svæðisins, almennri upplifun af umhverfi og landslagi, viðhorfi til virkunar og áhuga á gestastofu aflstöðva.

Í þriðja lagi var skoðað hvort það að hafa fengið fræðslu frá landvörðum hefði áhrif á viðhorf og upplifun ferðamanna. Sérstök áhersla var lögð á að meta tengsl fræðslu við afstöðu ferðamanna til svæðisins, virkunarinnar og upplifunar á náttúru.



Mynd 9 Ferðamenn njóta blíðunnar við Kárahnjúkastíflu með úðann frá Hverfanda í baksýn. Mynd: EJB

Að lokum voru niðurstöður könnunarinnar við Kárahnjúka bornar saman við niðurstöður kannana sem framkvæmdar voru við Blöndu og Þjórsá sumarið 2024 (sjá Íris Hrund Halldórsdóttir o.fl., 2024a; 2024b). Í þessum samanburði var annars vegar horft til bakgrunns svarenda og hins vegar til viðhorfa og upplifunar þeirra á svæðunum sem og orkumannvirkjum. Einhliða ferveikagreiningar og kí-kvaðratpróf voru notuð til að draga fram sameiginleg mynstur og svæðisbundinn mun í viðhorfum.




Upplýsingar um svarendur


Alls svöruðu 451 einstaklingur könnuninni við Kárahnjúka. Dreifing var nokkuð jöfn milli aldurshópa og kynja en karlar (53%) voru örlítið fleiri en konur (47%). Meðalaldur svarenda var 46 ár. Helmingur svarenda var búsettur á Íslandi og hinn helmingurinn erlendis. Hóparnir voru sambærilegir hvað varðar kynjahlutfall og aldurssamsetningu. Innlendu ferðamennirnir voru að jafnaði örlítið eldri (meðalaldur 48 ár) en þeir erlendu (meðalaldur 45 ár) en munurinn var ekki marktækur.

Flestir innlendu þátttakendanna voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu (52%), Austurlandi (20%) eða Norðurlandi (17%). Erlendu ferðamennirnir komu frá 20 löndum, þar af flestir frá Þýskalandi (36%), Bandaríkjunum/Kanada (17%), Frakklandi (11%) og Sviss (9%). Um 76% svarenda sem bjuggu erlendis komu til landsins í Keflavík og um 20% komu með Norrænu til Seyðisfjarðar.


Meirihluti svarenda (61%) hafði ekki komið áður að Kárahnjúkum. Af þeim 39% svarendum sem höfðu komið áður hafði um helmingur heimsótt svæðið einu sinni til þrisvar sinnum en um fimmtingur oft en 20 sinnum. Dæmi voru um svarendur sem höfðu komið mörgum sinnum og nefndu jafnvel að þeir væru heimamenn eða hefðu unnið á svæðinu þegar virkjunin var í byggingu.



Mynd 11 Búseta svarenda á Íslandi eftir landshlutum



Mynd 10 Bakgrunnur svarenda könnunarinnar




Mynd 12 Búsetuland erlendra svarenda



Ferðafélagar

Spurning: Með hverjum ferðaðist þú um Ísland? Fjöldi svarenda 438²

Flestir, eða um 71%, ferðuðust með fjölskyldu eða ættingjum. Um 22% svarenda voru á ferð með vinum en mun færri voru í skipulagðri hópferð (8) eða með vinnu- eða klúbbfélögum (5%). Einungis fáir ferðamenn voru einir á ferð (4) eða með öðrum ótilgreindum. Dreifing svara um ferðafélaga var svipuð meðal mismunandi hópa svarenda.




Mynd 13 Ferðafélagar

Tengsl heimsóknar við náttúru og óbyggð víðerni

Spurning: Komst þú á þetta svæði til þess að upplifa náttúru og óbyggð víðerni? Fjöldi svara 448.

Svarhlutfall 99%

Flestir svarendur (75%) komu á svæðið til að upplifa náttúru og óbyggð víðerni en 18% sögðust ekki hafa gert það. Um 7% höfðu ekki skoðun. Marktækur munur var eftir aldri en eldri aldurshópar, einkum 45-59 ára, voru líklegri en þeir yngri til að hafa komið til að upplifa víðerni og náttúru. Einnig var marktækur munur milli innlendra og erlendra ferðamanna þar sem þeir erlendu voru líklegri til að segjast hafa komið til að upplifa náttúru og óbyggð víðerni.



Mynd 14 Ferð tengd upplifun á náttúru og óbyggðum víðernum


² Svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar og því getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.



Dvalarlengd

Spurning: Hvað áformar þú að dvelja eða dvaldir þú lengi á svæðinu? Fjöldi svara 447. Svarhlutfall 99%

Flestir svarendur voru aðeins hluta úr degi á svæðinu. Um 31% svarenda voru þar í 1-4 klukkustundir og 24% í dagsferð sem stóð lengur en fjórar klukkustundir. Um 10% stöldruðu við í minna en eina klukkustund. Um 34% gistu eina nótt eða fleiri á svæðinu. Marktækur munur var á svörum innlendra og erlendra ferðamanna en þeir erlendu voru líklegri til að dvelja næturlangt á svæðinu. Innlendir ferðamenn voru hins vegar oftari í styttri heimsóknunum, oft innan við eina klukkustund. Þá voru einstaklingar sem höfðu komið áður á svæðið einnig líklegri til að hafa skemmri viðdvöl á svæðinu.




Mynd 15 Dvalarlengd

Athafnir ferðafólks á svæðinu

Spurning: Hvað gerðir þú/ætlað að gera meðan á dvöl þinni á svæðinu stendur? Fjöldi svara 435³

Flestir svarendur skoðuðu stíflu og virkjanamannvirki á svæðinu (65%) og fóru í gönguferð (59%). Um helmingur sagðist hafa tekið myndir (52%), baðað sig í heitum laugum (49%). Tæpur þriðjungur skoðaði jarðfræðifyribæri (36%) eða menningarminjar (28%) og nokkru færri sögðust hafa skoðað fugla (21%). Um 3% svarenda nefndu í öðrum svörum að þeir hefðu keyrt um svæðið, farið á kajak eða stundað náttúruhlaup svo fátt eitt sé nefnt.



Mynd 16 Athafnir ferðafólks á svæðinu


³ Þar sem svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.



Viðkomustaðir ferðafólks

Spurning: Hefur þú heimsótt einhverja af eftirtöldum stöðum í þessari ferð? Fjöldi svarenda 405⁴

Hengifoss (47%), Hallormsstaður (45%), Laugarfell (39%), Skriðuklaustur (38%) og Stuðlagil (37%) voru meðal þeirra staða sem ferðamenn við Kárahnjúka heimsóttu í ferðinni. Aðrir staðir voru nefndir sjaldnar. Nokkur munur var á svörum innlendra og erlendra ferðamanna og milli aldurshópa. Innlendir ferðamenn og þeir sem höfðu komið áður að Kárahnjúkum höfðu oftar heimsótt Hallormsstað og Skriðuklaustur en erlendir ferðamenn fóru frekar að Hengifossi. Erlendir ferðamenn höfðu almennt farið víðar og nefndu fleiri staði en þeir sem voru yngri.



Mynd 17 Viðkomustaðir ferðafólks á svæðinu

⁴ Svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar og því getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.




Ánægja með dvöl og náttúru

Spurning a: Hver er ánægja þín eða óánægja hingað til með dvöl á svæðinu? Fjöldi svara 402. Svarhlutfall 89%

Spurning b: Hver er ánægja þín eða óánægja hingað til með náttúru svæðisins? Fjöldi svara 399. Svarhlutfall 89%

Almennt voru ferðamenn mjög ánægðir bæði með dvöl sína við Kárahnjúka og náttúruna í kring, eða samtals 89% með dvölinu og 85% með náttúruna. Konur voru ívið ánægðari en karlar með hvort tveggja og yngri svarendur voru almennt ánægðari en þeir eldri. Einnig var ánægja meiri meðal erlendra ferðamanna en innlendra með bæði dvöl og náttúru.




Mynd 18 Ánægja með dvöl og náttúru á svæðinu

Mat á einkennum svæðisins

Spurning: Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið? Fjöldi svara 449. Svarhlutfall 100%

Flestir þátttakendur töldu svæðið vera áhrifamikil, kyrrt, fallett og aðgengilegt en voru síður á því að svæðið væri náttúrulegt. Eldri svarendur voru líklegri en þeir yngri til að lýsa svæðinu sem kyrru. Jafnframt var munur á mati innlendra og erlendra ferðamanna en þeir síðarnefndu voru líklegri til að telja svæðið vera náttúrulegt, kyrrt, aðgengilegt, fallett og áhrifamikil. Innlendir ferðamenn voru líklegri til að lýsa svæðinu sem manngerðu. Þá voru einstaklingar sem höfðu komið áður að Kárahnjúkum líklegri en þeir sem voru að koma í fyrsta skipti til að telja svæðið vera aðgengilegt, hávært og manngert.




Mynd 19 Mat á einkennum svæðisins (meðaltal á kvarða 1-5)



Áhrif virkjunar á áhuga til að ferðast

Spurning: Hefur virkjun áhrif á áhuga þinn á að ferðast hér um? Fjöldi svara 421. Svarhlutfall 93%

Tæplega helmingur svarenda (46%) taldi virkjunina hafa frekar eða mjög jákvæð áhrif á áhuga þeirra á að ferðast um svæðið. Um 38% töldu ekki að virkjunin hefði áhrif en 17% töldu áhrifin neikvæð. Enginn marktækur munur mældist milli hópa.




Mynd 20 Áhrif virkjunar á áhuga svarenda á að ferðast um svæðið

Tekið eftir mannvirkjum á svæðinu

Spurning: Tókst þú eftir mannvirkjum á leið þinni um svæðið? Fjöldi svara 442. Svarhlutfall 98%

Flestir svarenda (76%) tóku eftir mannvirkjum á leið sinni um svæðið en 24% sögðust ekki hafa tekið eftir þeim. Marktækur munur mældist milli hópa. Innlendir ferðamenn tóku oftast eftir mannvirkjum en þeir erlendu. Þá voru þeir sem höfðu áður komið á svæðið einnig líklegri til að veita mannvirkjum eftirtekt en þeir sem voru að koma í fyrsta sinn.



Mynd 21 Tekið eftir mannvirkjum á svæðinu




Áhrif mannvirkja á upplifun ferðafólks

Spurning: Hvaða áhrif höfðu eftirfarandi mannvirki á upplifun þína? Fjöldi svara 294-327. Svarhlutfall 65-73%

Almennt virtust mannvirki á svæðinu ekki hafa haft veruleg áhrif á upplifun ferðamanna. Í flestum tilfellum voru meðaltöl svara nær miðju kvarðans (3,0) en þó má greina ákveðin mynstur. Stífla, vatnsaflsvirkjun, uppistöðulón og vegir (malbik og malarvegir) voru metin fremur jákvæð. Allt eru þetta mannvirki sem eru á svæðinu. Raflínur og ummerki um framkvæmdir, sem einnig eru á svæðinu, voru frekar talin hafa neikvæð eða engin áhrif.

Hluti þeirra mannvirkja sem spurt var um eru hins vegar ekki á rannsóknarsvæðinu⁵. Þessi mannvirki, s.s. vindorkuver, kæliturnar og borholur, voru almennt ekki talin hafa áhrif á upplifun ferðamanna við Kárahnjúka.

Lítil munur var á viðhorfum mismunandi hópa gagnvart áhrifum mannvirkja á upplifun en marktækur munur kom þó fram í nokkrum tilfellum. Þeir sem höfðu áður komið á svæðið voru jákvæðari gagnvart raflínunum en þeir sem ekki höfðu komið áður voru jákvæðari gagnvart vindorkuverum. Enginn marktækur munur var á svörum eftir aldri, kyni eða búsetu ferðamanna.



Mynd 22 Áhrif mannvirkja á upplifun ferðamanna og meðaltal á kvarða frá 1-5 þar sem 1 = mjög neikvæð áhrif og 5 = mjög jákvæð áhrif


⁵ Sum mannvirki sem spurt var um eru ekki til staðar á rannsóknarsvæðinu en spurningin var engu að síður lögð fyrir óbreytt þar sem hún er hluti af stöðluðu spurningasetti. Mannvirki sem eru á rannsóknarsvæðinu eru: uppistöðulón, stífla, vatnsaflsvirkjun, stöðvarhús, raflínur, malarvegir, malbikaðir vegir og ummerki um framkvæmdir. Mannvirki sem eru ekki á svæðinu eru: vindorkuver, kæliturnar, borholur með blæstri og veituskurðir.



Mat á áhrifum mannvirkja sem ekki sjást á náttúruupplifun

Spurning: Hafa nálæg mannvirki sem þú veist af en sérð ekki, áhrif á upplifun þína af náttúru og óbyggðum víðernum?
Fjöldi svara 406. Svarhlutfall 90%

Flestir þátttakendur (64%) töldu nálæg mannvirki sem þeir vissu af en sáu ekki hefðu lítil eða engin áhrif á upplifun þeirra af náttúru og víðernum. Um fjórðungur taldi þó að slík mannvirki hefðu einhver áhrif en aðeins lítill hluti (12%) taldi áhrifin frekar eða mjög mikil. Enginn marktækur munur mældist milli hópa.




Mynd 23 Mat svarenda á áhrifum mannvirkja sem ekki sjást á eigin náttúruupplifun

Áhugi á gestastofum aflstöðva

Spurning: Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að heimsækja gestastofur aflstöðva? Fjöldi svara 420.
Svarhlutfall 93%

Flestir þátttakendur (78%) sögðust hafa áhuga á heimsókn í gestastofur aflstöðva, þar af höfðu 28% frekar mikinn áhuga og 18% mjög mikinn áhuga. Um 23% höfðu lítinn eða engan áhuga. Marktækur munur kom fram milli kynja þar sem karlar höfðu örlítið meiri áhuga á heimsóknum í gestastofur en konur. Munurinn var hins vegar lítill og má ætla að hann sé fremur til marks um smávægilegan áherslumun í svörum fremur en raunverulegan viðhorfsmun.



Mynd 24 Áhugi ferðamanna á heimsókn í gestastofu aflstöðva



Þörf fyrir innviði fyrir ferðamenn


Spurning a: Telur þú að það vanti einhverja innviði fyrir ferðamenn á svæðinu? Fjöldi svara 428. Svarhlutfall 95%

Spurning b: Ef já, hvaða innviði? Fjöldi svara 40

Langflestir þátttakendur (91%) voru ekki á því að þörf væri á frekari innviðum á svæðinu fyrir ferðamenn en 9% voru á öndverðum meiði. Marktækur munur kom fram milli hópa; erlendir ferðamenn og þeir sem heimsóttu svæðið í fyrsta sinn voru líklegri til að telja að ekki þyrfti frekari innviði.

Um 40 þátttakendur nýttu tækifærið til að útskýra nánar hvaða innviði þeir töldu vanta. Flestir nefndu salerni og betra aðgengi að þeim. Einnig var bent á þörf fyrir betri tjaldsvæði, þjónustuhús eða gestastofu sem bjóði bæði upp á upplýsingar og veitingar. Ennfremur var bent á skort á áningarstöðum með bekkjum og skýlum.

Nokkrir lögðu einnig áherslu á bætta upplýsingar og merkingar við Kárahnjúka og helstu skoðunarstaði. Einnig komu fram hugmyndir um gönguleiðir og upplifun, þar á meðal leiðir meðfram gljúfrinu, útsýnisstaði og möguleika á að sjá inn í virkjunina.



Mynd 25 Mat á þörf fyrir innviði fyrir ferðamenn á svæðinu



Mynd 26 Hugmyndir ferðamanna um innviði sem vantar - orðaský af svörum við opinni spurningu



Fræðsla um svæðið

Spurning a: Hefur þú fengið einhvers konar fræðslu um svæðið í tengslum við heimsókn þína við Kárahnjúkavirkjun?


Fjöldi svara 447. Svarhlutfall 99%

Spurning b: Hvers konar fræðslu hefur þú fengið? Fjöldi svarenda 285⁶


Spurning c: Hversu ánægð/ur/t varstu með fræðsluna sem þú fékkst? Fjöldi svara 291. Svarhlutfall 99%⁷

Um 65% þátttakenda fengu fræðslu um svæðið í tengslum við heimsóknina að Kárahnjúkum. Flestir fengu fræðslu frá landverði (85%) og af fræðsluskiltum (51%). Þeir sem höfðu fengið annars konar fræðslu (4%) nefndu oftast leiðsögn vina og ættingja eða ferðahandbækur. Marktækur munur kom fram eftir aldri á því hvort svarendur höfðu fengið fræðslu. Yngsti aldurshópurinn (29 ára og yngri) var líklegastur til að hafa fengið fræðslu en eldri hópar síður.


Nær allir, eða 96% þeirra sem fengu fræðslu, voru ánægðir með hana. Erlendir ferðamenn voru almennt ánægðari með fræðsluna en þeir innlendu. Jafnframt voru þeir sem heimsóttu svæðið í fyrsta sinn ánægðari en þeir sem höfðu komið áður.



Mynd 28 Fræðslumáti



Mynd 27 Hlutfall ferðamanna sem fengu fræðslu



Mynd 29 Ánægja með fræðslu á svæðinu

⁶ Svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar og því getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.

⁷ Svarhlutfall er reiknað út frá fjölda svarenda sem höfðu fengið fræðslu í tengslum við heimsóknina við Kárahnjúkastíflu, alls 293 svarendur.



Viðhorf til notkunar og framleiðslu orkugjafa á Íslandi


Spurning: Hvert er viðhorf þitt til þess að eftirtaldir orkugjafar séu notaðir og/eða framleiddir á Íslandi?

Fjöldi svara 379-408. Svarhlutfall 84-91%

Flestir svarendur voru jákvæðir gagnvart nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa á Íslandi. Um 90% svarenda voru jákvæðir gagnvart jarðvarma- og vatnsaflsorku (meðaltal 4,6 og 4,5). Einnig voru svarendur jákvæðir í garð sólarorku en nokkuð færri, eða um 63% voru jákvæðir gagnvart vindorku. Aftur á móti voru viðhorf til kjarnorku (2,3) og jarðeldsneytis (2,0) neikvæð.

Marktækur munur kom fram á svörum milli hópa um einstaka einstakra orkugjafa. Viðhorf til vindorku voru jákvæðust meðal yngsta hópsins (29 ára og yngri) en með hækkandi aldri dró úr jákvæðni. Erlendir ferðamenn voru jafnframt jákvæðari gagnvart vindorku en innlendir og nýir gestir jákvæðari en þeir sem höfðu komið áður á svæðið.

Kynjamunur kom fram í afstöðu til kjarnorku þar sem konur voru marktækt neikvæðari en karlar. Einnig var munur eftir aldri þar sem svarendur 45 ára og eldri voru neikvæðari gagnvart kjarnorku en þeir yngri. Erlendir ferðamenn jákvæðari en þeir innlendu í garð sólarorku og jarðvarmaorku en voru neikvæðari afstöðu til notkunar og framleiðslu jarðeldsneytis á Íslandi en innlendir ferðamenn.



Mynd 30 Viðhorf til notkunar og framleiðslu mismunandi orkugjafa á Íslandi og meðaltal á kvarða frá 1-5 þar sem 1 = mjög neikvæð áhrif og 5 = mjög jákvæð áhrif




Meðmælaskor

Spurning: Á kvarða frá 0-10 hversu líklegt er að þú mælir með svæðinu sem áfangastað? Fjöldi svara 437. Svarhlutfall 97%

Rétt tæplega 50% svarenda sögðu líklegt að þeir myndu mæla með heimsókn að Kárahnjúkastíflu en 12% töldu það ólíklegt. Meðmælaskor ferðamanna við Kárahnjúka sumarið 2025 mældist því +36,9 sem má teljast prýðilegt. Marktækur munur kom fram eftir aldri. Svarendur 29 ára og yngri voru ólíklegri til að mæla með heimsókninni og var meðmælaskor þeirra talsvert lægra en hjá þeim eldri, eða +11,6. Fólk á aldrinum 30–44 ára og 45–59 ára var jákvæðast (meðmælaskor +45,2 og +46,6) á meðan fólk 60 ára og eldri hafði meðmælaskorið +37,1.

Til að kanna hvort upplifun og viðhorf ferðamanna gagnvart svæðinu hafi verið breytileg eftir því hvort þeir teljast vera letjendur, hlutlausir eða hvetjendur var gerð fervikagreining (ANOVA). Í greininguna voru valdar breytur sem tengjast ánægju með dvöl og náttúru svæðisins, almennri upplifun af umhverfi og landslagi, viðhorfi til virkjunar og áhuga á gestastofu aflstöðva (tafla 1). Niðurstöðurnar sýna að marktækur munur var á hópunum í flestum breytum sem tengjast upplifun og mati á svæðinu. Hvetjendur (þ.e. þeir ferðamenn sem voru jákvæðastir gagnvart því að mæla með heimsókn á svæðið) hafa almennt jákvæðari upplifun en hlutlausir og letjendur. Þeir voru jafnframt líklegri til að telja virkjunina hafa jákvæð áhrif á áhuga sinn til að ferðast um svæðið og sýndu meiri áhuga á að heimsækja gestastofur aflstöðva. Einnig voru hvetjendur líklegastir til að telja svæðið vera fallett, kyrrt, náttúrulegt og áhrifamikild. Smávæglegur en þó marktækur munur kom fram á svörum hópanna um upplifun af aðgengi að svæðinu þar sem hvetjendur mátu svæðið aðgengilegra en letjendur. Enginn marktækur munur var á mati hópanna á ánægju með dvöl á svæðinu og náttúru.



Mynd 31 Meðmælaskor ferðamanna við Kárahnjúkastíflu sumarið 2025

Tafla 1 Niðurstöður fervikagreiningar á upplifun og viðhorfum ferðamanna eftir meðmælaskori

Breytur	Letjendur (meðaltal)	Hlutlausir (meðaltal)	Hvetjendur (meðaltal)	F	Sig.
Ánægja með dvöl á svæðinu	4,0	4,4	4,4	2,08	0,127
Ánægja með náttúru svæðisins	3,9	4,3	4,4	3,80	0,023
Upplifun á svæði: Manngert - náttúrulegt	2,6	3,5	3,8	21,26	<0,001
Upplifun á svæði: Hávært - kyrrt	3,8	4,3	4,6	18,04	<0,001
Upplifun á svæði: Óaðgengilegt - aðgengilegt	4,1	4,2	4,4	7,26	<0,001
Upplifun á svæði: Ljótt - fallett	3,6	4,3	4,7	54,69	<0,001
Upplifun á svæði: Áhrifalítið - áhrifamikild	4,1	4,6	4,8	29,62	<0,001
Áhrif virkjunar á áhuga á að ferðast um svæðið	2,7	3,3	3,7	21,66	<0,001
Áhugi á gestastofu aflstöðva	2,7	3,3	3,5	10,97	<0,001

Marktækni er metin miðað við $p < 0,01$ og $p < 0,001$

Ath: Breyturnar voru mældar á fimm punkta kvarða þar sem 1 táknar neikvætt eða lágt gildi (t.d. mjög lítið, mjög óaðgengilegt, mjög mannlegt) og 5 táknar jákvætt eða hátt gildi (t.d. mjög mikið, mjög aðgengilegt, mjög náttúrulegt)




Mat á mikilvægi náttúru og aðstöðu í ferðum

Spurning: Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið?
Fjöldi svara 426-430. Svarhlutfall 95%

Svarendum könnunarinnar þótti mikilvægt að geta notið kyrrðar og upplifa óraskaða náttúru á svæðinu. Einnig þótti þeim mikilvægt að gönguleiðir og skoðunarverðir staðir væru merktir, að ekki sæjust ummerki eftir utanvegaakstur eða aðra ferðamenn og að ekki yrði ónæði af flugumferð eða drónum.

Lagðir göngustígar, göngubrýr og að fáir aðrir ferðamenn sæjust á svæðinu þóttu einnig mikilvæg atriði. Minni áhersla var lögð á að hafa skipulögð tjaldsvæði eða að geta tjaldað hvar sem er.

Marktækur munur kom fram milli hópa. Erlendir ferðamenn lögðu meiri áherslu á kyrrð, óraskaða náttúru, fámenni og að mannvirki sæjust ekki á gönguleiðum. Yngsti aldurshópurinn (29 ára og yngri) var síður á því en þeir sem eldri voru að merkja þyrfti skoðunarverða staði.




Mynd 32 Mikilvægi ýmissa þátta fyrir ferðamenn og meðaltal á kvarða frá 1-5 þar sem 1 = alls ekki mikilvægt og 5 = mjög mikilvægt



Viðhorfskvarðinn

Ferðamenn voru flokkaðir í þrjá viðhorfshópa samkvæmt svokölluðum viðhorfskvarða. Kvarðinn flokkar ferðamenn eftir afstöðu þeirra til ósnortinnar náttúru, aðstöðu og mannvirkja. Flokkunin skiptir ferðamönnum í þrjá hópa: náttúrusinna, almennir ferðamenn og þjónustusinna, eftir því hvaða áherslur einkenna viðhorf þeirra til náttúru og innviða.

Mynd 32 sýnir skiptinguna milli hópanna. Flestir svarenda, eða 63%, flokkast sem almennir ferðamenn, 19% sem náttúrusinnar og 18% sem þjónustusinnar. Enginn marktækur munur kom fram milli hópa eftir bakgrunnsbreytum, nema að erlendir ferðamenn voru oftast náttúrusinnar en innlendir ferðamenn sem voru frekar þjónustusinnar.



Mynd 33 Flokkun ferðamanna eftir viðhorfskvarðanum



Viðhorf og upplifun ferðamanna til mannvirkja og orkuvinnslu

Til að kanna hvort upplifun og viðhorf þjónustusinna, náttúrusinna og almennra ferðamanna til mannvirkja og orkuvinnslu væri mismunandi var gerð einhliða ferveikagreining (ANOVA). Tafla 2 sýnir niðurstöður greiningarinnar. Niðurstöðurnar sýna að marktækur munur kom fram milli hópa við fjölda breyta sem tengjast mati á mannvirkjum og áhrifum á upplifun. Þjónustusinnar voru í flestum tilfellum jákvæðari en hinir tveir hóparnir og náttúrusinnar voru almennt neikvæðastir.

Munur á viðhorfum var mest áberandi í upplifun af uppistöðulóni, stíflu, veituskurðum, raflínunum og ummerkjum um framkvæmdir þar sem þjónustusinnar voru marktækt jákvæðari gagnvart áhrifum mannvirkjana á upplifun en náttúrusinnar. Einnig var marktækur munur á viðhorfum náttúrusinna og almennra ferðamanna svo sem við áhrifum stíflu og stöðvarhúss á upplifun þar sem náttúrusinnar voru neikvæðasti hópurinn. Jafnframt var munur milli hópa á áhrifum virkjunar á að ferðast um svæðið. Þjónustusinnar voru líklegastir til að telja virkjunina hafa jákvæð áhrif en náttúrusinnar ólíklegastir. Svipað mynstur kom fram í mati á áhuga á gestastofum aflstöðva þar sem þjónustusinnar voru áhugasamari en náttúrusinnar.

Enginn marktækur munur var á almennri ánægju með dvöl eða náttúru á svæðinu eða með náttúru þess og ekki heldur á upplifun tengdri kyrrð, aðgengi eða áhrifamætti svæðisins.

Tafla 2 Niðurstöður ferveikagreiningar á upplifun og viðhorfum ferðamanna eftir viðhorfsvarðanum

Breytur	Þjónustusinnar (meðaltal)	Almennir ferðamenn (meðaltal)	Náttúrusinnar (meðaltal)	F	Sig.
Áhrif mannvirkis á upplifun: Uppistöðulón	3,7	3,3	2,8	9,24	<0,001
Áhrif mannvirkis á upplifun: Stífla	3,9	3,5	2,8	12,01	<0,001
Áhrif mannvirkis á upplifun: Veituskurðir	3,5	3,1	2,7	11,40	<0,001
Áhrif mannvirkis á upplifun: Raflínur	3,2	2,7	2,2	16,00	<0,001
Áhrif mannvirkis á upplifun: Malarvegir	3,5	3,4	3,7	1,82	0,164
Áhrif mannvirkis á upplifun: Malbikaðir vegir	4,0	3,6	3,3	7,81	<0,001
Áhrif mannvirkis á upplifun: Vatnsaflsvirkjun	3,7	3,4	3,1	4,83	0,009
Áhrif mannvirkis á upplifun: Vindorkuver	3,0	3,0	2,6	2,59	0,077
Áhrif mannvirkis á upplifun: Stöðvarhús	3,6	3,1	2,9	11,93	<0,001
Áhrif mannvirkis á upplifun: Kælturnar	3,2	3,0	2,7	6,57	0,002
Áhrif mannvirkis á upplifun: Ummerki um framkvæmdir	3,4	2,9	2,3	20,52	<0,001
Áhrif mannvirkis á upplifun: Borholur í blæstri	3,3	3,0	2,7	8,44	<0,001
Viðhorf til notkunar og framleiðslu orku: Vatnsafl	4,6	4,5	4,2	4,30	0,014
Viðhorf til notkunar og framleiðslu orku: Vindorka	3,6	3,9	3,7	1,08	0,339
Viðhorf til notkunar og framleiðslu orku: Sólarorka	4,3	4,4	4,2	0,60	0,552
